REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1996.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1995 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1996. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1996 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1995. Að því er menn varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1995 en tekjuskatt.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1996 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli áranna 1994 og 1995 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 1994. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. sbr. og 113. gr. sömu laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1996 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

27. desember 1995 Nr. 672

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Borgarness.

I. KAFLI
Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Borgarness er sjálfstætt fyrirtæki sem Borgarbyggð á og starfrækir. Fyrirtækið heitir Hitaveita Borgarness og er hér eftir nefnt hitaveitan í reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt starfssvæði hitaveitunnar. Starfssvæði hitaveitunnar er Borgarnes.

3. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að sjá um orkuöflun og rekstur hitaveitu á starfssvæðinu. Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar Borgarbyggðar sem getur falið veitunefnd stjórn hennar.

Veitunefnd er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

Verkefni veitunefndar er stjórn hitaveitunnar og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi.

Veitunefnd semur gjaldskrá og leggur fyrir bæjarstjórn. Hún undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu. Hún semur fjárhagsáætlanir og leggur fyrir bæjarstjórn. Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri veitunnar og sér hann um að ráða menn til hitaveitunnar í samræmi við gildandi reglur bæjarfélagsins.

Veitunefnd semur nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggur fyrir bæjarstjórn.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

4. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi. Notandi heits vatns er sá aðili sem skráður er fyrir mælagrind og ber hann ábyrgð á greiðslu hitaveitugjalda.